



Ársskýrsla 2001 Annual report



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

POST- AND TELECOM
ADMINISTRATION



Ársskýrsla 2001 Annual report



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

POST- AND TELECOM
ADMINISTRATION





Efnisyfirlit Contents

Ávarp forstjóra	4
Address of the Managing Director	5
Fjarskiptamarkaðurinn 2001	6
Póstþjónusta 2001	7
The Telecommunications Market in 2001	8
The Postal Services in 2001	9
Rekstrarreikningur 2001	10
Income Statement 2001	11
Starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar 2001	12
Operations 2001	12
Skipurit Póst- og fjarskiptastofnunar	14
Organisation chart	14



Ávarp forstjóra

Þessi dálkur í síðustu ársskýrslu Póst- og fjar-skiptastofnunar var að miklu leyti helgaður farsímanetum og þjónustu. Þar var rakið hversu mikill áhugi var á fyrri hluta ársins 2000 fyrir farsíma-leyfum, þegar fjórir umsækjendur sóttu um leyfi í 1800 MHz tíðnisviðinu og fengu allir jákvæða afgreiðslu. Í lok ársins þegar í boði var eitt leyfi fyrir farsímaneti í 900 MHz tíðnisviðinu var aðeins einn umsækjandi þó að slíkt leyfi hefði venjulega verið talið eftirsóknarverðara en fyrrnefndu leyfin. Þetta þótti merki þess að ákveðinn umsnúningur kynni að vera í hinni öru þróun farsímans sem sett hefur mark sitt á fjarskiptamarkaðinn undanfarin ár. Það er skemmst frá að segja að í lok ársins 2001 hafði einungis einn hinna nýju farsímaleyfishafa, Íslandssími GSM, náð að setja farsímaþjónustu í gang.

Mikil umræða hefur átt sér stað erlendis um svonefnd þriðju kynslóðar leyfi og himinháar upphæðir sem boðnar voru fyrir leyfin í nokkrum löndum á árinu 2000. Það var þess vegna töluverð spenna erlendis í byrjun ársins 2001 um framvindu hinna nýju farsímaneta og þjónustu. Því miður einkenndist árið af erfiðleikum á þessu sviði. Í fyrsta lagi varð ljóst að fjölmörg erlend fjarskiptafyrirtæki höfðu boðið í leyfin langt umfram getu og skuldsett sig svo mjög að miklir rekstrarerfiðleikar hlutust af. Eins og stundum vill verða höfðu þessar erfiðleikar margföldunaráhrif, bankar og fjármálastofnanir misstu tiltrú til fjarskiptafyrirtækjanna og drógu úr fyrirgreiðslum og lánum, verðbréf féllu á mörkuðum og í ljós kom að sum stórfyrirtæki á fjarskiptasviðinu stóðu á brauðfótum. En það voru einnig erfiðleikar hjá framleiðendum nýju farsímakerfanna og farsímatækja handa notendum og seinkanir á afhendingu þessara tækja voru tilkynntar aftur og aftur. Einnig hafa orðið seinkanir á hugbúnaði, byggðum á aukinni gagnaflutningsgetu farsíma, sem nota átti til að skapa nýja notkunarmöguleika fyrir notendur þriðju kynslóðar farsíma.

Á tímabili var í gangi mikil umræða um nýja gagnaflutningsmöguleika í GSM farsíma sem þekktir voru sem GPRS og EDGE. Báðar aðferðirnar áttu að ráða bót á takmarkaðri gagnaflutningsgetu GSM farsímans. Íslensk farsímafyrirtæki hafa sett upp GPRS í farsímakerfum sínum en þessi þjónusta hefur ekki slegið í gegn enn sem komið er. Ef þetta er merki þess að notendur séu ekki tilbúnir að svo stöddu að notfæra sér betri

gagnaflutninga í GSM farsíma, hlýtur að vakna spurning um hversu vel markaðurinn sé búinn undir að notfæra sér möguleika þriðju kynslóðar farsímans.

Ísland er eitt fárra landa á Evrópska efnahags-svæðinu sem ekki hefur úthlutað leyfum fyrir næstu gerð farsíma, svonefnda þriðju kynslóð. Samgönguráðherra hefur þó lýst því yfir að til standi að úthluta leyfum að undangengnu útboði þar sem fyrirhugað þjónustuframboð fjarskiptafyrirtækjanna mun ráða því hverjir hljóta leyfin. Íslensk fjarskiptafyrirtæki fagna væntanlega þessu fyrirkomulagi sem forðar þeim frá því að lenda í sams konar stöðu og fyrirtæki í mörgum Evrópulöndum voru í eftir uppboð á leyfum. En eins og áhersla var lögð á í síðustu ársskýrslu Póst- og fjar-skiptastofnunar er vafasamt að eftirspurn á Íslandi eftir þeim tíðnum sem þriðja kynslóð farsíma mun nota verði meiri en framboðið svo að líkindum hefur ríkissjóður ekki orðið af miklum tekjum.

Í fastanetinu eru að gerast nýir hlutir. Stjórnvöld í Evrópusambandinu lögðu á árinu mikla áherslu á að auka samkeppni í notendakerfum, þ.e. í þeim hluta talsímakerfisins sem tengir notendur við símstöðvar. Á þessu sviði eru ný símafyrirtæki í erfiðri samkeppnisstöðu vegna þess að fyrrverandi einkaréttarhafar búa að notendakerfum sem lögð hafa verið á mörgum áratugum og eru enn í góðu gildi en lagning nýrra strengja í borgum og bæjum þar sem götur og gangstéttir eru frá-gengnar er nú mjög kostnaðarsöm. Vegna þessa hefur verið ákveðið að skylda eigendur heimtauga til að leigja þær samkeppnisaðilunum á verði sem skal taka mið af tilkostnaði en jafnframt er þeim gert að skyldu að útvega aðstöðu fyrir þann bún- að sem nýju fyrirtækin verða að setja upp í sím- stöðvunum til þess að notfæra sér þennan mögu- leika. Það er hér með orðinn raunhæfur kostur fyrir notendur að kaupa talsímaþjónustu hjá nýju fjar- skiptafyrirtækjunum.

Það hafa einnig verið settar reglur sem heimila leigu á hluta af heimtauginni til þess að geta boðið gagnaflutning á heimtauginni samhliða talsíma- þjónustu. Þessar reglur hafa ýtt undir aukna notkun ADSL tækni til þess að gefa notendum kost á betri Internettengingu en áður, á viðráðanlegu verði. Tengimöguleikunum sem standa notendum Internetsins til boða er að fjölga jafnt og þétt.

Address of the Managing Director

In the preceding year's annual report of the Post and Telecom Administration, this column was to a considerable extent devoted to mobile networks and services. It recounted the high level of interest in mobile licences during the first half of 2000, when four applicants sought licences for 1800 MHz frequencies, all of which were granted. At the end of the year, when one licence was offered for a mobile network in the 900 MHz frequency, there was only one applicant, despite the fact that such a licence had usually been considered preferable to the previously mentioned licences. This was seen as an indication that a certain turning point had been reached in the rapid development in mobile telephony which has characterised the telecommunications market in recent years. To make a long story short, by the end of 2001 only one new mobile licensee, Íslandssími GSM, had managed to initiate mobile services.

There has been considerable discussion abroad regarding so-called third-generation licences and the astronomical amounts offered for such licences in several countries in 2000. As a result, there was considerable tension abroad at the beginning of 2001 regarding the progress of new mobile networks and services. Unfortunately, the year was fraught with difficulties in this field. Firstly, it was clear that a large number of foreign telecommunications enterprises had far out-reached themselves in bidding for licences and indebted themselves to an extent which caused great difficulties in their operations. As is often the case, these difficulties had a multiplier effect, banks and financial institutions lost faith in telecommunications enterprises and cut back their financial support and credit, shares plummeted on the markets and some large telecommunications enterprises were revealed to be on the verge of collapse. Producers of new mobile systems and user devices also experienced difficulties, and delays in the delivery of this equipment were announced repeatedly. There have also been delays in the provision of software intended for use in the development of new usage possibilities for the third generation of mobile phone users based on the increased data transmission capacity of mobile phones.

For some time there was considerable discussion of new data transmission possibilities for GSM phones known as GPRS and EDGE. Both methods were intended to improve the limited data transmission capacity of the GSM phones. Icelandic mobile operators have set up GPRS in their mobile systems, but this service has not yet made a major impact. If this is an indication that users are not ready at present to take advantage

of the improved data transmission of GSM phones, the question must arise as to how well prepared the market is to take advantage of the possibilities offered by third generation mobile phones.

Iceland is one of the few countries in the European Economic Area not to have granted licences for the next type of mobile phones, the so-called third generation. The Minister of Communications has, however, announced plans for awarding licences following a tender, where the proposed services offered by the telecommunications enterprises will determine who are granted licences. Icelandic telecom enterprises are expected to welcome this arrangement, which will prevent them from ending up in a position similar to that of enterprises in many European countries following the bidding for licences. However, as emphasised in the preceding annual report of the Post and Telecom Administration, it is doubtful that demand in Iceland for the frequencies to be used by the third-generation mobile phones will exceed the supply, so the Treasury has probably not missed out on any great income.

New developments are taking place regarding fixed networks. During the past year, EU authorities have placed great emphasis on increasing competition in public networks, i.e. the part of the telephone system which links users to telephone exchanges. In this area, new telephone enterprises are in a difficult competitive position because previous holders of exclusive rights are in possession of public networks which have been developed over many decades and are still in good service, while the laying of new cables in the city and towns where streets and sidewalks have been built is now very expensive. As a result, the decision was made to oblige owners of local loops to lease them to competitors at a price based on cost incurred, while at the same time requiring them to provide facilities for the equipment that the new enterprises must set up in telephone exchanges in order to take advantage of this possibility. This makes it a realistic possibility for users to purchase telephone services from the new telecom enterprises.

Rules have also been established authorising the lease of part of the local loop to enable the offering of data transmission concurrent with telephone services via the local loop. These rules have encouraged increased use of ADSL technology to provide users with better Internet connections than before at a reasonable cost. The connection possibilities offered to Internet users are steadily increasing.



Fjarskiptamarkaðurinn 2001

Snemma árs hófst rekstur þriðja GSM farsíma-kerfisins á Íslandi. Íslandssími GSM sem fengið hafði leyfi bæði á 900 og 1800 MHz tíðnisviðunum opnaði farsímanet sitt í mars og hleypti þar með nýju lífi í samkeppnina á þessum markaði. Aðrir sem fengið höfðu GSM leyfi á árinu 2000 hófu ekki uppbyggingu nets á árinu eins og áætlað hafði verið. Í árslok 2001 voru GSM notendur á landinu orðnir 221.231. Þar af voru um 67,1 % hjá Landssímanum, 27,5 % hjá Tali og 5,4 % hjá Íslandssíma GSM. Fyrirtækin kepptu um hylli notenda með auglýsingaherferðum og ýmiss konar tilboðum. Almennar gjaldskrár tóku þó ekki byltingarkenndum breytingum. Áskriftarleiðir urðu fleiri en nokkru sinni fyrr og boðið var upp á ódýr og jafnvel frí símtöl í ákvæðin númer innan sama nets. Gjaldskrár eru hins vegar orðnar svo margþættar og flóknar að oft á tíðum er erfitt fyrir notanda að átta sig á því hver er í raun hagstæðasta leiðin miðað við notkunarmynstur hans. Það er umhugsunarefni hvort ekki sé rétt að leita leiða til þess að auka gegnsæi á þessu sviði.

Farsímafyrirtæki hófu að bjóða GPRS þjónustu í kringum áramótin 2000/2001. Þessi tækni býður upp á gagnaflytningu í farsíma með meiri hraða en forveri hennar, GSM. Framan af var skortur á GPRS farsímum og stóð það nokkuð í vegi fyrir útbreiðslu þessarar þjónustu. Framboð símtækja hefur þó aukist jafnt og þétt og notkunin að sama skapi.

Stefnt hafði verið að því að innleiða númeraflutning milli farsímaferfa á árinu 2001 sem hefði auðveldað notendum að flytja viðskipti sín milli farsímafélaga. Það var hins vegar álit farsímafélaganna að enn væru viðkomandi tæknilausnir of dýrar til þess að fýsilegt væri að fjárfesta í þeim. Póst- og fjarskiptastofnun tók tillit til þessara sjónarmiða og frestaði númeraflutningi milli farsímaneta til 1. júlí 2003. Ákvæði um númeraflutning milli landsvæða og milli þjónustuflokka í hefðbundinni talsímaþjónustu tók hins vegar gildi 15. febrúar 2001.

Grundvallarskilyrði fyrir því að hægt sé að virkja samkeppni í talsíma- og gagnaflytninguþjónustu á fastlínu er að nýjum fyrirtækjum sé veittur aðgangur að heimtaugum Landssímans á sanngjörnum kjörum. Landssíminn ræður yfir nær öllum tengingum við notendur í gegnum heimtaugar sem hann einn hefur lagt í jörð á undangengnum áratugum. Ný fyrirtæki hafa litla sem enga möguleika á að koma sér upp víðtæku heimtaugakerfi. Póst- og fjarskiptastofnun hafði á árinu 2000 kallað saman vinnuhóp fjarskiptafyrirtækja með það að mark-

miði að hrinda leigu heimtauga í framkvæmd. Vinnu þessa hóps lauk í janúar 2001 með samkomulagi um verklagsreglur um heimtaugaleigu og hýsingu. Með þeim var nýjum fyrirtækjum gert kleift að veita talsímaþjónustu og/eða gagnaflytninguþjónustu um heimtaugar Landssímans. Síðar á árinu var gerð breyting á fjarskiptalögum sem heimilaði samgönguráðherra að innleiða EES-reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimtaugum. Sú reglugerð skilgreinir í smáatriðum hverjar skyldur fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild eru varðandi heimtaugaleigu. M.a. er skylt að birta ítarlegt viðmiðunartilboð sem inniheldur verð og skilmála fyrir þá þætti aðgangs og þjónustu sem helst má búast við að nýju fyrirtækin þurfi á að halda.

Framboð á innanlandstalsímaþjónustu til heimila jókst á árinu. Allmörg fyrirtæki höfðu um skeið boðið símtöl til útlanda en Íslandssími hóf innreið sína á heimilismarkaðinn með alhliða þjónustu í lok ársins 2000 og Halló-Frjáls fjarskipti í byrjun árs 2001. Þjónusta þessi var þó fyrst um sinn veitt í gegnum fast forval en ekki með eiginlegri heimtaugaleigu sem þýddi að áskrifendur fengu tvo reikninga, annars vegar fyrir aðgang að netinu þ.e.a.s. fastagjaldið frá Landssímanum og hins vegar fyrir notkun frá viðkomandi þjónustuveitanda.

Verðbreytingar í talsímaþjónustu urðu ekki miklar á árinu 2001. Verð símtala til útlanda hafði lækkað jafnt og þétt síðustu fimm árin en á árinu 2001 hægðei mjög á þeirri þróun. Verð innanlandssímtala hefur ekki tekið miklum breytingum undanfarin ár og engin bylting varð í þeim efnum á árinu. Ný fyrirtæki buðu þó nokkra lækkingu en svigrúm þeirra til lækkinga virðist ekki mikið þegar tekið er mið af því verði sem þau þurfa að greiða Landssímanum fyrir samtengingu.

Í desember var gefin út reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Tilgangur með henni er m.a. að hægt sé að greina þann kostnað sem eðlilegt er að reikna með við verðlagningu á þjónustu Landssímans við önnur fyrirtæki, s.s. vegna samtenginga og heimtaugaleigu.

Framboð á háhraðatengingum til notenda jókst til muna á árinu. Fleiri fyrirtæki buðu nú slíka þjónustu og víðar á landinu en áður. Notendur hafa tekið vel á móti þessari þróun og fjöldi viðskiptavina í ADSL og víðlika þjónustum hefur aukist jafnt og þétt. Í árslok 2001 voru ADSL-áskrifendur u.þ.b. 10.600 miðað við 2.600 ári áður.

Í júlí auglýsti Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsóknum um rekstrarleyfi fyrir þráðlaus notendakerfi á 3,5 og 10 GHz sviði. Þess háttar kerfi eru aðallega notuð til þess að veita notendum aðgang að gagnaflytningsþjónustu þótt einnig sé mögulegt að flytja á þeim tal. Slík kerfi geta því að hluta til keppt við hefðbundnar heimtaugar. Tvær umsóknir bárust; frá Línu.Neti og Fjarska. Fyrirtækið eMax hóf rekstur þráðlauss notendakerfis á árinu en það er á tíðnisviðinu 2,4 GHz sem er opið og ekki þarf sérstakt leyfi fyrir.

Almennt er það að segja um ný fyrirtæki á fjarskiptamarkaðnum að á árinu 2001 voru skráð 11 ný fjarskiptaleyfi. Þessi fyrirtæki hafa þó ekki öll hafið starfsemi og sum þeirra starfa á mjög afmörkuðum sviðum. Fimm rekstrarleyfi voru felld niður á árinu.

Tvö fyrirtæki, Stikla og Tetralína.net, höfðu boðið upp á TETRA-farstöðvaþjónustu frá því um mitt ár 2000. Síðla árs 2001 var tekin ákvörðun um að sameina þessi fyrirtæki. Það mun því ekki ríkja samkeppni á TETRA markaðnum, í öllu falli ekki í nánustu framtíð. Markaðurinn er reyndar ekki af þeirri stærðargráðu að raunhæft sé að reka fleiri en eitt fjarskiptanet fyrir þessa þjónustu, a.m.k. ekki enn sem komið er.

Póstþjónusta 2001

Á árinu 2001 urðu ekki miklar breytingar á þeim markaði sem telst til pósthjónustu hér á landi. Íslandspóstur er sem fyrr eini rekstrarleyfishafinn á sviði pósthjónustu og hefur sem fyrr einkarétt á bréfum upp að 250 g í innanlandspósti og útländapósti. Nokkur umræða hefur átt sér stað innan ESB um að lækka þyngdarmörk bréfa í einkarétti og er líklegt að niðurstöðu sé að vænta nú fljótlegra. Landsmenn þurfa því að bíða enn um sinn eftir fullri samkeppni á póstmarkaðnum.

Hagræðing Íslandspósts í rekstri pósthúsa og afgreiðslustaða hélt áfram á árinu, en Póst- og fjarskiptastofnun markaði þegar þá stefnu á árinu 1998 að setja sig ekki upp á móti hagræðingu svo

framarlega sem hún væri ekki líkleg til að rýra þjónustu við íbúa á viðkomandi stað. Íslandspóstur hefur frá árinu 1998 leitast við að finna samstarfsaðila um rekstur pósthúsa vegna þess að umfang annarrar þjónustu en pósthjónustu hefur sífellt minnkað og svokallaðar jaðartekjur hafa dregist saman. Hefur því rekstur þeirra pósthúsa sem Íslandspóstur rekur orðið sífellt erfiðari. Nokkurrar óánægju varð vart vegna þessara breytinga og höfðu margir þá skoðun að þjónusta Íslandspósts mundi skerðast þegar afgreiðslan yrði færð undir sama þak og önnur þjónustustarfsemi. Vegna þessa þá fól samgönguráðuneytið Póst- og fjarskiptastofnun að gera úttekt á pósthúsum á landsbyggðinni. Helstu niðurstöður úttektarinnar sem framkvæmd var á árinu er að í öllum tilvikum fær almenningur þá þjónustu sem Íslandspósti er skylt að veita samkvæmt lögum. Þá hefur í langflestum tilvikum tekist vel til varðandi þá samstarfssamninga sem gerðir hafa verið og ekki verði annað séð en að fólk á þeim stöðum þar sem rekstrarforminu hefur verið breytt, sé sátt við þær breytingar. Aðeins í tveimur tilvikum var hægt að setja út á fyrirkomulag afgreiðslunnar og sneru þær aðfinnslur eingöngu að húsnæðinu sjálfu og fyrirkomulagi baka til þar sem póstur var geymdur. Íslandspóstur brást þegar við þessum aðfinnslum og hefur gert ráðstafanir til að bæta þar úr. Líklegt er að þessi þróun muni halda áfram á næstu árum og þeim stöðum á landinu muni fjölga þar sem Íslandspóstur muni gera samstarfssamninga við annan aðila um rekstur pósthúsa.

Nokkrar gjaldskrárhækkanir urðu á árinu og þær helstar að gjald fyrir bréf innan einkaréttar innanlands hækkaði að meðaltali um 4,87%, þá urðu nokkrar minniháttar breytingar á öðrum gjaldskrár fyrirtækisins.

Á árinu var lagt fram frumvarp til nýrra laga um pósthjónustu en gildandi lög eru frá 1996 áður en ESB gaf út tilskipun sína um sameiginlegar reglur um þróun innri markaðar fyrir pósthjónustu og bætt gæði þjónustunnar. Frumvarpið tekur mið af ákvæðum tilskipunarinnar.

The Telecommunications Market in 2001

The third GSM mobile phone network in Iceland was taken into use early in the year. Íslandssími GSM, which had been issued a licence both for 900 and 1800 MHz frequencies opened its mobile network in March, thereby stimulating competition in this market. Other parties which had been granted GSM licences in the year 2000 did not begin building up their networks during the year, as had been intended. At year-end 2001, GSM users in Iceland numbered 221,231. Of these, 67.1% were customers of Iceland Telecom, 27.5% customers of Tal and 5.4% customers of Íslandssími GSM. The enterprises competed for users' favour through advertising campaigns and various types of special offers. General tariffs did not, however, undergo any radical changes. There were more subscription possibilities than previously and inexpensive or even free calls were offered to specific numbers within the same network. Tariffs have now, however, become so varied and complex that it is often difficult for users to find the most advantageous option for their usage pattern. Whether ways should be sought to increase transparency in this respect is a point for consideration.

The mobile telephone enterprises began offering GPRS services around the beginning of 2001. This technology offers data transmission by mobile telephone at higher speeds than its predecessor, GSM. To begin with, a shortage of GPRS phones delayed the spread of these services. However, the supply of such phones has increased steadily and their use has increased correspondingly.

Number portability between mobile phone systems was meant to be introduced during 2001, which would have enabled end-users to change service providers more easily. However, the mobile phone companies took the opinion, that the technical solutions in question were still too expensive for investment in them to be attractive. The Post and Telecom Administration took this view into consideration and postponed the implementation of number portability between mobile networks until 1 July 2003. On the other hand, provisions on number portability between different areas of the country and between service classes in traditional voice telephony services entered into effect on 15 February 2001.

A prerequisite for effective competition in voice telephony and data transmission services via fixed network is for new enterprises to have access to Iceland Telecom's local loops at fair rates. Iceland Telecom controls almost all connections with users via local loops which it alone

has laid underground during past decades. New enterprises have little or no possibility of establishing an extensive local loop system. In 2000, the Post and Telecom Administration assembled a working group of telecommunications enterprises aimed at implementing the lease of local loops. This group concluded its work in January 2001 with an agreement on procedures for local loop leasing and hosting. They enable new enterprises to provide voice telephony services and/or data transmission services via Iceland Telecom's local loops. Later in the year, an amendment was passed to the Telecommunications Act authorising the Minister of Communications to incorporate to an EEA Regulation on unbundled access to local loops. This Regulation defines in detail the obligations of an enterprise with significant market power with regard to local loop leasing. For instance, a detailed reference offer must be published, which includes the price and terms for those aspects of access and service which the new enterprises are primarily expected to require.

The supply of domestic voice telephony services to residences increased during the year. A fair number of enterprises had for some time offered international calls but Íslandssími was the first to make inroads on the residential market with general service at the end of 2000, followed by Halló-Frjáls fjarskipti at the beginning of 2001. To begin with, however, this service was provided by carrier pre-selection and not via actual local loop leasing, which meant that subscribers received two bills, one for access to the network, i.e. for the basic fee from Iceland Telecom, and another for their use of the service provider.

There were no great price changes for voice telephony services during the year 2001. The price of international calls has decreased steadily over the past five years, but this trend slowed considerably during 2001. The price of domestic calls has not changed greatly in recent years and this past year was no exception to that rule. New enterprises did offer some reduction, but their leeway for reducing the price would not appear to be great considering the price they must pay Iceland Telecom for interconnection.

In December, a Regulation was issued stipulating separate accounting and finances in the operation of telecommunications enterprises. Its purpose is in part to enable itemisation of the cost which should normally be taken into account in pricing Iceland Telecom's services, such as for interconnections and local loop leasing to other enterprises.



The supply of high-capacity connections to users increased significantly during the year. More enterprises now offered such services over wider areas of the country than previously. Users have responded positively to this trend and the number of customers for ADSL and similar services has increased steadily. At year-end 2001, ADSL subscribers numbered approximately 10,600 as compared with 2600 in the previous year.

In July, the Post and Telecom Administration invited applications for operating licences for wireless public networks using 3.5 and 19 GHz frequencies. This type of system is used primarily to provide users with access to data transmission services, although they can also be used for voice telephony transmission. Such systems can thus, to some extent, compete with traditional local loops. Two applications were received, from Lína.Net and Fjarski. The enterprise eMax began operation of a public network during the year, but this uses the frequency 2.4 GHz, which does not require a special licence.

With regard to new enterprises on the telecom market in general, in 2001 eleven new telecom licences were registered. Not all of these enterprises have as yet commenced operation, and some of them operate in a very limited area of activity. Five operating licences were cancelled during the year.

Two enterprises, Stikla and Tetralína.net, had offered TETRA mobile radio services since around the middle of 2000. During the latter half of 2001, a decision was taken to merge these companies. There will thus be no competition on the TETRA market, at least not in the near future. The market is actually not of such size as to make it feasible to operate more than one telecom network for this service, at least not as yet.

Postal Services in 2001

There were no extensive changes to the market for postal services in Iceland in 2001. Iceland Post Ltd. remains the only licensed operator in the field of postal services and continues to hold reserved rights to deliver letters of up to 250 g in weight both domestically and internationally. There has been some discussion within the EU on reducing the weight limit for letters in reserved service, and the results of this discussion are expected shortly. Icelanders will thus have to wait some time yet for full deregulation/liberalisation of the postal services market.

Rationalisation by Iceland Post Ltd. in its operation of post offices and outlets continued throughout 2001; as early as 1998, the Post and Telecom Administration adopted a policy of not opposing rationalisation as long as it did not appear likely to result in poorer services to residents of the area in question. Since 1998, Iceland Post has sought co-operation of other parties in the operation of post offices owing to the steady decrease in services other than postal services and the reduction in marginal revenue. Therefore, the operation of post offices run by Iceland Post has become steadily more difficult. Some dissatisfaction has been voiced as a result of these changes, with many people expressing the opinion that services provided by Iceland Post would be reduced once they were moved to the same location as other services. Because of this, the Ministry of Communications requested that the Post and Telecom Administration carry out an assessment of post offices in Iceland. The principal conclusions of the assessment, carried out during this past year, were that in all instances the public is being provided with the services which Iceland Post is obliged to provide by law. In by far the most cases, the agreements on co-operation which have been concluded have been successful and there is no indication other than that people in those areas where the form of operation has been changed are satisfied with the changes. Only in two instances could the service arrangements be criticised and this criticism was concerned exclusively with the premises themselves and the back-office arrangements where mail was stored. Iceland Post responded immediately to these criticisms and has taken measures to effect remedies. These developments can be expected to continue in the coming years and the locations around Iceland where Iceland Post conclude a co-operation agreement with another party for post office operation are expected to increase in number.

There were some tariff increases during the year, primarily a rise by 4.87% on average of rates for letters in the reserved areas, as well as several minor changes to the company's other rates.

In 2001, a legislative bill for new postal services was submitted to the Icelandic parliament, as current legislation dates from 1996, prior to the EU Directive on common rules for the development of the internal market of Community postal services and improvement of quality of services. The bill is based on the provisions of this Directive.

Póst- og fjarskiptastofnun

Rekstrarreikningur árið 2001

	2001	2000
Rekstrartekjur:		
Rekstrartekjur og markaðar tekjur	175.955.120	159.349.050
Aðrar tekjur	955.041	1.304.551
Tekjur samtals	<u>176.950.161</u>	<u>160.653.601</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	76.494.238	61.137.628
Önnur rekstrargjöld	49.380.229	48.753.248
Samningur um rekstur strandarstöðvar	242.234.297	178.383.387
Framlag til alþjónustu	20.696.000	18.618.302
Rekstrargjöld samtals	<u>388.804.764</u>	<u>306.892.565</u>
Eignakaup	2.054.828	4.143.215
Gjöld samtals	<u>390.859.592</u>	<u>311.035.780</u>
Tekjur umfram gjöld án fjármagnsliða	<u>(213.909.431)</u>	<u>(146.280.133)</u>
Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld	10.393.815	7.547.800
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	(190.082.032)	(138.732.329)
Vantaldar tekjur fyrri ára	13.433.584	
Framlag ríkissjóðs v. strandarstöðvar og alþjónustu	<u>176.000.000</u>	<u>225.000.000</u>
Tekjuafgangur (halli)	<u>(14.052.032)</u>	<u>82.150.486</u>
Efnahagsreikningur		
Eignir:		
Ríkissjóður	84.896.979	92.799.279
Aðrar skammtímakröfur	118.458.124	75.276.177
Sjóðir og bankainnistæður	52.598.315	50.798.847
Eignir samtals	<u>255.953.418</u>	<u>218.874.303</u>
Skuldir og eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	199.524.422	113.256.751
Tekjuafgangur ársins	(14.082.032)	82.150.486
Eigið fé í árslok	<u>185.422.390</u>	<u>195.407.237</u>
Skuldir:		
Samningur við strandarstöðvar	0	18.633.480
Víðskiptaskuldir	<u>70.511.028</u>	<u>4.833.586</u>
Skuldir alls	<u>70.511.028</u>	<u>23.467.066</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>255.933.418</u>	<u>218.847.303</u>

Post- and Telecom Administration

Income statement for 2001

	2001	2000
Operating revenue:		
Operating and scheduled revenues	175,955,120	159,349,050
Other revenues	<u>955,041</u>	<u>1,304,551</u>
Total revenue	<u>176,950,161</u>	<u>160,653,601</u>
Operating costs:		
Wages and related costs	76,494,238	61,137,628
Other operating costs	49,380,229	48,753,248
Contract for the operation of coast stations	242,234,297	178,383,387
Funding of universal service	<u>20,696,000</u>	<u>18,618,302</u>
Total operating costs	<u>388,804,764</u>	<u>306,892,565</u>
Purchase of assets	2,054,828	4,143,215
Total costs	<u>390,859,592</u>	<u>311,035,780</u>
Balance before financial items	<u>(213,909,431)</u>	<u>(146,280,133)</u>
Financial Items	10,393,815	7,547,800
Profit (loss) before financial items	(190,082,032)	(138,732,329)
Unfiled earlier income	13,433,584	
Treasury funding of coast stations and universal service	<u>176,000,000</u>	<u>225,000,000</u>
Profit (loss) for the year	<u>(14,052,032)</u>	<u>82,150,486</u>

Balance sheet

Assets:		
Treasury	84,896,979	92,799,279
Receivables	118,458,124	75,276,177
Funds and bank deposits	<u>52,598,315</u>	<u>50,798,847</u>
Eignir samtals	<u>255,953,418</u>	<u>218,874,303</u>
Liabilities and equity:		
Capital at beginning of year	199,524,422	113,256,751
Balance of the year	<u>(14,082,032)</u>	<u>82,150,486</u>
Equity at year end	<u>185,422,390</u>	<u>195,407,237</u>
Liabilities:		
Contract for the operation of coast stations	0	18,633,480
Accounts payable	<u>70,511,028</u>	<u>4,833,586</u>
Total liabilities	<u>70,511,028</u>	<u>23,467,066</u>
Total liabilities and equity	<u>255,933,418</u>	<u>218,847,303</u>

Starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar 2001

Operations 2001

Rekstrarleyfi í gildi í lok ársins 2001

(gefin út af Póst- og fjarskiptastofnun nema annað sé tekið fram)

Operating licenses in force at the end of 2001

(issued by the Post and Telecom Administration unless otherwise specified)

Fjarskipti

1. **Breiðband Íslands hf.** Útg.: 24.1.01. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
2. **Emax ehf.** Útg.: 28.8.01. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
3. **Fjarski ehf.** Útg.: 24.1.01. Gildistími: 10 ár. Leigulínubjónusta og almennt fjarskiptanet.
4. **Fjarskiptafélagið Títan ehf.** Útg.: 22.5.00. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
5. **Fjölínet ehf.** Útg.: 26.10.01. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
6. **Gagnanet ehf.** Útg.: 24.1.01. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
7. **Halló! - Frjáls fjarskipti ehf.** Útg.: 18.9.00. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
8. **Hringiðan ehf./Vortex Inc.** Útg.: 3.12.98. Gildistími: 10 ár Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
9. **IMC Ísland ehf.** Útg.: 27.6.00. Gildistími: 10 ár. DCS 1800 farsímabjónusta
10. **Internet á Íslandi hf.** Útg.: 3.2.98. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta.
11. **Íslandsmiðill ehf.** Útg.: 18.8.01. Gildistími: 10 ár. Margmiðlunarþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
12. **Íslandssími GSM ehf.** Útg.: 5.6.00. Gildistími: 10 ár. DCS 1800 farsímabjónusta
13. **Íslandssími GSM ehf.** Útg.: 14.2.01. Gildistími: 10 ár. GSM 900 farsímabjónusta
14. **Íslandssími hf.** Útg.: 11.8.99. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutnings- og samnetsþjónusta
15. **Íslenska útvarpsfélagið hf.** Útg.: 26.10.99. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
16. **Landssími Íslands hf.** Útg.: 30.7.98. Gildistími: 10 ár. Talsímabjónusta, GSM, NMT og fl.
17. **Lína.Net ehf.** Útg.: 13.10.99. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta og fjarskiptanet
18. **Margmiðlun Internet ehf.** Útg.: 26.5.00. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
19. **Martel ehf.** (Globalstar). Útg.: 14.10.99. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta/persónusími um gervitungl
20. **Mint GSM hf.** Útg.: 5.6.00. Gildistími: 10 ár. DCS 1800 farsímabjónusta
21. **Netsmiðjan ehf.** Útg.: 15.11.01. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
22. **Neyðarlínan hf.** Útg.: 6.10.99. Gildistími: 10 ár. Talsímabjónusta/neyðarsímsvörðun
23. **ORBCOMM á Íslandi ehf.** Útg.: 15.3.99. Gildistími: 10 ár. Gagnaflutningur um gervitungl
24. **Radiómiðun ehf.** (Inmarsat). Útg.: 12.5.98. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta um gervitungl
25. **Ríkisútvarpið.** Útg.: 29.7.97. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
26. **SITA** Útg.: 9.3.94. Gagnaflutningsþjónusta
27. **Skrín ehf.** Útg.: 25.1.01. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptanet og gagnaflutningsþjónusta
28. **Skýrr hf.** Útg.: 15.10.99. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta/örbylgja: Tal og gagnaflutningsþjónusta
29. **Snerpa ehf.** Útg.: 17.8.00. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
30. **Stikla ehf.** Útg.: 10.5.00. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta og farstöðvanet/TETRA
31. **Tal hf.** Útg.: 23.7.97. Gildistími: 10 ár. GSM 900 farsímabjónusta
32. **Tal hf.** Útg.: 17.8.98. Gildistími: 10 ár. DCS 1800 farsímabjónusta
33. **Tal hf.** Útg.: 12.11.98. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
34. **Teleglobe Norge AS.** Útg.: 7.4.99. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptanet/aðgangur að flutningsgetu
35. **Tetralína.Net ehf.** Útg.: 10.3.00. Gildistími: 10 ár. Fjarskiptabjónusta og fjarskiptanet/TETRA
36. **Tölvubjónustan á Akranesi ehf.** Útg.: 22.3.01. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
37. **Vestmark ehf.** Útg.: 13.12.00. Gildistími: 10 ár. Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
38. **Xantic.** Útg.: 20.12.01. Gildistími: 10 ár. Gagnaflutningsþjónusta um VSAT-kerfi

Póstur

1. **Íslandspóstur hf.**, leyfi til reksturs póstpjónustu, gefið út 28. janúar 1998 gildir til 31. desember 2007.

Tíðnir úthlutaðar

Frequency allocations

- | | |
|---|-----|
| 1. Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar | 70 |
| 2. Fastasambönd | 65 |
| 3. Farsímastöðvar | 570 |
| 4. Farstöðvakerfi á metra- og desimetrabylgju | 85 |
| 5. Milli- og stuttbylgja | 10 |
| 6. Tímabundin leyfi fyrir FM hljóðvarp | 65 |
| 7. Önnur tímabundin leyfi til innlendra aðila | 25 |
| 8. Tímabundin leyfi til erlendra aðila | 400 |
| 9. Ýmislegt | 75 |

Útgáfa leyfisbréfa fyrir radiótæki

Number of radio-equipment licenses issued

1. Flugvélar	62
2. Skip	617
3. Landfarstöðvar á metrabylgju	204
4. Landfarstöðvar á desimetrabylgju	2
5. Landfarstöðvar á millibylgju	2
6. Handstöðvar á metrabylgju	114
7. Handstöðvar á desimetrabylgju	24
8. Landmóðurstöðvar á metrabylgju	4
9. Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju	2
10. Landmóðurstöðvar á millibylgju	0
11. Landmóðurstöðvar boðtæki	1

Útgáfa skírteina fyrir notendur

Number of user licenses issued

1. Fjarskiptaskírteini, flug	185
2. Fjarskiptaskírteini, skip (GROC)	0
3. Fjarskiptaskírteini, skip (GOC)	67
4. Fjarskiptaskírteini, skip (ROC)	2
5. Amatörar, innlendir	19
6. Amatörar, erlendir	4
7. Amatörar, ýmislegt	10

Úthlutun einkennisnúmera

Number of identity numbers assigned

1. Númer fyrir skip	75
---------------------------	----

Skipting eftir landsvæðum á bátum og skipum, skoðuðum af Póst- og fjarskiptastofnun

Division according to regional location of boats and ships inspected by the Post and Telecom Administration

1. Reykjavík, Hafnarfjörður, Suðurnes og Þorlákshöfn	165
2. Akranes, Borgarfjörður og Snæfellsnes	36
3. Vestfirðir	15
4. Norðurland vestra	7
5. Norðurland eystra	44
6. Austurland	21
7. Suðurland	42
8. Skip skráð erlendis	23

Radíóbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum

Inspections of radio equipment in ships and open motorboats

1. Bátar styttri en 24 m (skoðaðir af Siglingastofnun Íslands)	1.207
2. Bátar lengri en 15 m og skip (Póst- og fjarskiptastofnun)	330

Skráðar landstöðvar í lok 2001

Registered stations at the end of 2001

Fastastöðvar

Fixed stations

Metrabylgjustöðvar (VHF)	466
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	96
Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	27
Boðtæki	47

Farstöðvar í bifreiðum

Vehicle stations

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	634
Metrabylgjustöðvar (VHF)	3.858
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	226

Stöðvar í skipum

Ship stations

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	211
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF)	273
Metrabylgjustöðvar (VHF)	3.164
Neyðartalstöðvar (VHF)	688
Neyðartalstöðvar (SSB)	158
Radarsvarar (UHF)	223
Miðunarstöðvar (MF/HF)	86
Miðunarstöðvar (VHF)	75
Navtex (LF)	304
Neyðarbaujur (406 MHz)	337
Inmarsat A	0
Inmarsat B	1
Inmarsat C	220
Inmarsat M	22

Stöðvar í flugvélum

Aircraft stations

Milli- og stuttbylgjur (MF/HF-SSB)	67
Metrabylgjur (VHF)	212
Neyðarsendar (ELT)	117

Handstöðvar og merkjasendar

Handstations and markers

Metrabylgjustöðvar (VHF)	3,578
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	662
Merkjasendar (vitar)	46
Ýmis búnaður	102

Kvartanir vegna truflana	39
--------------------------------	----



Skipurit Póst - og Fjarskiptastofnunar

Forstjóri



Hrafnkell V. Gíslason

Leyfisveitingar



Sigurjón Ingvason



Sigurður H. Magnússon

Rekstrardeild



Magnús E. Finnsson



María Jónsdóttir



Guðríður Sveinbjörnsdóttir



Ingibjörg Sívertsen



Kristín Hafstein

Stefnumótun og alþjóðasamskipti



Hörður Halldórsson



Ari Jóhannson


Fjarskipta- og póstpjónusta



Friðrik Pétursson



Ársæll Baldursson




Bjarni Sigurðsson

Tæknideild



Guðmundur Ólafsson



Hörður R. Harðarson



Þórir Garðarsson



Óskar Sæmundsson



Jósef Kristjánsson



